

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1966

16. apríl 1966.

13

Nr. 16.

L Ö G

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á árinu 1966 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

Heimilt er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk, veiddan á tímabilinu frá 1. júlí 1965 til 31. desember 1965, umfram þá 25 aura á hvert kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 34 8. maí 1965, að ríkissjóður skyldi greiða.

Heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skulu þó ekki fara fram úr 22 milljónum króna.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1966, er verja skal til framleiðni- aukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegs- málaráðherra setur.

3. gr.

Á árinu 1966 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjávarútvegs- málaráðherra setur.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1965 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegs málaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 34 8. maí 1965, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1966.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

Eggert G. Dorsteinsson.

A 2